



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 26. janúar 2018

USK2018010064

5.11

Borgarráð

Götugögn í Reykjavík – biðskýli og auglýsingastandar.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að óskað verði tilboða í uppsetningu, rekstur og viðhald á a.m.k. 210 strætóskýlum í borginni.

Áætlað er að útboð fari fram nú í febrúar og að tilboði verði tekið í mars nk. Núverandi samningur rennur út í lok júní 2018. Útboðið er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

Greinargerð:

Í dag er rekstri biðstöðva strætó og auglýsingastanda í Reykjavíkurborg þannig háttað:

- 147 biðskýli eru í eigu og rekstri verktaka.
- 42 auglýsingastandar eru í eigu og rekstri verktaka.
- 231 biðskýli eru í eigu og rekstri Reykjavíkurborgar.
- 182 staurar við biðstöðvar eru í eigu og rekstri Reykjavíkurborgar.

Óskað verður tilboða í útvegum, uppsetningu, rekstur og viðhald á götugögnum í Reykjavík, þ.e. biðskýlum fyrir strætó annars vegar og auglýsingastöndum hins vegar til 15 ára. Verktaki skal bjóða verkkaupa að lágmarki 210 biðskýli fyrir biðstöðvar strætisvagna gegn rétti til auglýsinga í/á biðskýlum. Verktaka er heimilt að bjóða fleiri biðskýli en þann fjölda sem tilgreindur er lágmarksfjöldi. Þessu til viðbótar hefur verktaki heimild til þess að setja upp allt að 50 auglýsingastanda með ákveðnum skilyrðum. Verktaki skal bjóða verkkaupa einingarverð fyrir afnot af borgarlandi undir hvert biðskýli og hvern auglýsingastand. Gerð er krafa um að hluti biðskýla verði búinn rafrænum upplýsingatöflum sem sýna komutíma næstu strætisvagna. Áskilinn er réttur borgarinnar til að koma síðar fyrir öðrum snjallborgarlausnum í og við biðskýli.

Útboðsgögn taka m.a. mið af núgildandi samningi um strætóskýli og auglýsingastanda frá 1998, breskum leiðbeiningum til sveitarfélaga um útboð á strætóskýlum og nýlegum útboðsgögnum frá Þýskalandi.

Útboðið er tveggja þrepa. Á fyrra þrepi mun matsnefnd fara yfir gögn um þau biðskýli sem boðin verða. Í matsnefnd verða fulltrúar USK og Strætó bs., starfsmaður ferlinefndar og verkefnisstjóri snjallborgar. Þegar búið er að meta hvort tilboð standist kröfur og gefa einkunn verða verðumslög opnuð. **Götugögn í Reykjavík – biðskýli og auglýsingastandar**



Þorsteinn Rúnar Hermannsson,
samgöngustjóri

Hjálagt:
Kynning



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

BIÐSKÝLI OG AUGLÝSINGASTANDAR - ÚTBOÐ FEBRÚAR 2018




BIÐSKÝLI OG AUGLÝSINGASTANDAR




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

- Í dag er rekstri biðstöðva strætó og auglýsingastanda í Reykjavíkurborg þannig háttað:
 - 147 biðskýli eru í eigu og rekstri verktaka.
 - 42 auglýsingastandar eru í eigu og rekstri verktaka.
 - 231 biðskýli eru í eigu og rekstri Reykjavíkurborgar.
 - 182 staurar við biðstöðvar eru í eigu og rekstri Reykjavíkurborgar.





BIÐSKÝLI OG AUGLÝSINGASTANDAR



- Lagt til 2015 að biðskýlum yrði (að lágmarki) komið fyrir á öllum biðstöðvum með fleiri en 10 innstigum á dag í strætisvagna.



ÚTBOÐ 2018

- Óskað verður tilboða í útvegum, uppsetningu, rekstur og viðhald til 15 ára.
- Verktaki skal bjóða **að lágmarki 210** biðskýli fyrir biðstöðvar strætisvagna gegn rétti til auglýsinga í/á biðskýlum.
Verktaka er heimilt að bjóða fleiri biðskýli en lágmarksfjölda.
- Þessu til viðbótar hefur verktaki heimild til þess að setja upp allt að **50** auglýsingastanda með ákveðnum skilyrðum.
- Verktaki skal bjóða Reykjavíkurborg einingarverð fyrir afnot af borgarlandi undir hvert biðskýli og hvern auglýsingastand.
- Gerð er krafa um að hluti biðskýla verði búinn rafrænum upplýsingatöflum sem sýna komutíma næstu strætisvagna.
- Áskilinn er réttur borgarinnar til að koma síðar fyrir öðrum snjallaborgarlausnum í og við biðskýli.